


Ársreikningur Fljótsdalshéraðs fyrir árið 2019.

Ársreikningur Fljótsdalshéraðs fyrir árið 2019 lagður fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 4. mars 2019 samþykktur og áritaður af bæjarráði og bæjarstjóra. Samkvæmt sveitarstjórnalögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og er áætlað að síðari umræða fari fram miðvikudaginn 18. mars 2020.


Helstu niðurstöður.

- Rekstrarafkoma Fljótsdalshéraðs árið 2019 var jákvæð um 254 millj. kr. samkvæmt samstæðureikningi sveitarfélagsins en fjárhagsáætlun 2019 með viðaukum gerði ráð fyrir 161 millj. kr. rekstrarafgangi. Rekstrarafkoma A hluta var jákvæð um 131 millj. kr. en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir 85 millj. kr. rekstrarafgangi.
- Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt (EBITDA) í samstæðureikning Fljótsdalshéraðs var jákvæð um 943 millj. kr. á árinu 2019 eða um 19,6% í hlutfalli af rekstartekjum.
- Í A hluta nam EBITDA 596 millj. kr. á árinu 2019 eða um 13,8% í hlutfalli af rekstartekjum.
- Hrein fjármagnsgjöld námu 388 millj. kr. í samstæðu A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 400 millj. kr. Hrein fjármagnsgjöld A hluta námu 293 millj. kr. en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir 290 millj. kr.
- Veltufé frá rekstri nam 773 millj. kr. á árinu 2019 í samstæðu A- og B hluta eða 16% í hlutfalli af rekstartekjum. Veltufé frá rekstri í A hluta nam 489 millj. kr. eða 11,3% í hlutfalli af rekstartekjum.
- Eigið fé var jákvætt í árslok 2019 um 1.319 millj. kr. í samstæðu A- og B hluta að teknu tilliti til hlutdeildar minnihluta. Eigið fé A hluta var jákvætt um 902 millj. kr. í árslok 2019.
- Skuldir og skuldbindingar samstæðu A- og B hluta námu í árslok 2019 um 8.049 millj. kr. og lækka um 97 millj. kr. frá árinu 2018. Skuldaviðmið skv. reglugerð um fjárhagsleg viðmið fyrir samstæðureikning A og B hluta er 130% í árslok 2019 en skal skv. sveitarstjórnarlögum vera að hámarki 150%.
- Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B-hluta í reikningsskilum sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga skulu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum (jafnvægisreglan). Samkvæmt ársreikningi 2019 nema rekstrartekjur áranna 2017-2019 um 664 millj. kr. umfram rekstargjöld.


- Skuldir og skuldbindingar í A hluta nema 5.026 millj. kr. í árslok 2019 og hækkuðu um 2 millj. kr. frá árinu 2018. Skuldaviðmið A hluta er 99% í árslok 2019.



-



- Rekstrartekjur sveitarfélagsins námu 4.801 millj. kr. á árinu 2019 sem er 310 millj. kr. herra en árið 2018 eða 7% hækkun tekna á milli ára. Þar af námu útsvarstekjur og fasteignaskattar 2.338 millj. kr. sem er 177 millj. hækkun á milli ára eða 8,2%. Greiðslur úr Jöfnunarsjóði námu 1.336 millj. kr. með framlagi vegna málefna fatlaðra sem er 1,4 millj. kr. hækkun á milli ára eða 0,1%. Aðrar rekstrartekjur námu 1.091 millj. kr. og nemur hækkun á milli ára 127 millj. kr. eða 13%.
- Launakostnaður sveitarfélagsins nam 2510 millj. kr. sem er um 179 millj. kr. hækkun frá árinu 2018 og nemur hlutfallsleg hækkun um 7,6%. Þar af hækkaði útreiknuð lífeyrisskuldbinding sveitarfélagsins um 44 millj. kr. frá fyrra ári Launakostnaður á árinu 2019 var 20 millj. kr. lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir sem þýðir 1% lækkun. Reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindingar LSR var í samræmi við áætlun.
- Annar rekstrarkostnaður án afskrifta og fjármagnsliða nam 1.348 millj. kr. á árinu 2019 sem er hækkun um 143 millj. kr. frá árinu 2018 eða 12% hækkun á milli ára.
- Hrein fjármagnsgjöld A hluta námu 293 millj. kr. samanborið við 359 millj. kr. á árinu 2018.



- Fræðslumál eru langstærsti málaflokkurinn en til hans runnu 2.026 millj. nettó á árinu 2019 eða 53,8% af skatttekjum sem er hækkun um 99 millj. kr. frá árinu áður. Til félagsþjónustu var veitt 510 millj.kr. og eru þar meðtalin málefni fatlaðs fólks sem sveitarfélagið hefur sinnt frá og með árinu 2011. Lækkun á milli ára nemur 24 millj. kr. Íþrótt- og æskulýðsmál eru þriðja stærsta verkefni sveitarfélagsins en til þeirra mála var varið um 323 millj.kr. Hækkun á milli ára nemur 12 millj. kr.
- Áætlanir sveitarfélagsins fyrir tímabilið 2020-2023 gera svo ráð fyrir að framlegðarhlutfall í rekstri sveitarfélagsins haldist miðað við rauntölur 2019 og á árinu 2020 verði veltufé frá rekstri jákvætt um 869 millj. kr. á meðan næsta árs afborganir af skuldbindingum nema 538 millj. kr. skv. ársreikningi 2019. Framlegð og veltufjármyndun Fljótshéraðs stendur ríflega undir greiðslubyrði lána og er það mikilvægt markmið sveitarfélagsins að sú þróun haldist í langtímaáætlunum sveitarfélagsins.
- Fjárfestingar samkvæmt samstæðureikningi Fljótshéraðs námu 381 millj.kr. á árinu 2019.
 - Fjárfestingar Eignasjóðs námu nettó um 260 millj. kr. Þar eru helstu liðir að 76 millj. var varið til fjármögnunar á nýju fimleikahúsi við íþróttamiðstöðina á Egilsstöðum, 57 millj. varið í klæðningu á húsnæði Egilsstaðaskóla. Lokið var á árinu viðbyggingu, að fjárhæð 11 millj. kr., við húsnæði tjaldsvæðisins að Kaupvangi 17 sem bætir verulega aðstöðu fyrir salerni og baðaðstöðu. Varið var 27 millj. kr. í leikvelli og sem tengist að megninu til nýjum körfuboltavelli. Farið var í breytingar og uppbyggingu í Miðvangi 31 sem var afurð af norrænu verkefni sem sveitarfélagið tók þátt í og fékk heitið Samfélagssmiðjan. Hafin var vinna við frekari uppbyggingu á húsnæði Sláturhússins sem er hluti af menningarsamningsverefninu sem er að fara af stað og ríkið kemur að fjármögnun ásamt Landsvirkjun. Fjármunir vegna þessa námu 13 millj. kr. á árinu 2019. Á bæjarskrifstofum að Lyngási 12 var farið í framkvæmdir við uppsetningu á skjalageymslu í samræmi við kröfur sem til geymslu gagna eru gerðar. Nam sú fjárfesting um 10 millj. kr. Aðrar fjárfestingar í eignum námu um 9 millj. kr. Má þar nefnda undirbúningskostnaður á nýjum leikskóla í Fellabæ, tækjakaup vegna skíðasvæðis, bílakaup fyrir félagsþjónustu og frekari uppbygging á aðstöðu hestasvæðis við Fossgarði
 - Fjárfestingar vegna gatna og gangstíga nam 56 millj. kr. en á móti komu tekjur að fjárhæð 18 millj. kr.
 - Í B hluta námu fjárfestingar Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. um 91 millj. kr.
 - Fjárfesting Félagslegra íbúða nam 25 millj. kr. sem eru endurbætur á Heimatúni 1.
 - Fjárfestingar Brunavarna á Héraði námu 5 millj. kr.

Framtíðarhorfur:

Áframhaldandi afkomubati á yfirstandandi ári og á næstu árum mun leggja grunn að bættri afkomu. Þannig er greiðsluhæfi sveitarfélagsins tryggt til framtíðar gagnvart þeim skuldbindingum sem á því hvíla, auk þess sem aukið svigrúm skapast til að ráðast í þær fjárfestingar sem gera æskilega framtíðarþróun samfélagsins mögulega.

Með hliðsjón af þeim árangri sem þegar hefur náðst í rekstri sveitarfélagsins, og lesa má m.a. úr ársreikningi síðasta árs, er full ástæða til að ætla að settum markmiðum verði náð.

Vert er að hafa í huga að í lok síðasta árs samþykktu íbúar Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar sameiningu sveitarfélaganna fjögurra og munu þau sameinast að afloknum sveitarstjórnarkosningum sem fram fara 18. apríl nk. Í þeirri vinnu sem unnin var í aðdraganda íbúakosninga var m.a. stillt upp framtíðaráætlun varðandi fjárhag og rekstur sameinaðs sveitarfélags er byggði á fyrirliggjandi langtímafjárhagsáætlunum umræddra sveitarfélaga. Niðurstaða þeirrar vinnu var á þá leið að fjárhagur og rekstur sameinaðs sveitarfélags yrði traustur. Það má öllum, er til þekkinga, vera ljóst að vægi Fljótsdalshéraðs í sameinuðu sveitarfélagi er mikið og því ástæða til að fagna því að afkoma þess vegna nýliðins árs er betri en áætlanir gerðu ráð fyrir sem ætti að treysta enn frekar grundvöll sameinaðs sveitarfélags til lengri framtíðar.

Að öðru leiti er vísað til ársreiknings 2019 sem verður birtur á heimasíðu sveitarfélagsins og samþykkrar fjárhagsáætlunar 2020-2023 sem bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs hefur samþykkt.

Egilsstöðum 4. mars 2020.

Björn Ingimarsson, bæjarstjóri

Guðlaugur Sæbjörnsson, fjármálastjóri